

Betur má ef duga skal

Skjólstæðingsmiðuð nálgun í iðjuþjálfun á Reykjalundi
Hlín Guðjónsdóttir, Lilja Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir
Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS

Inngangur:

Í síðareglum Iðjuþjálfafélags Íslands sem samþykktar voru árið 2001 segir meðal annars: „Iðjuþjálfar aðhyllast skjólstæðingsmiðaða nálgun og virka þátttöku skjólstæðingsins á öllum stigum þjónustunnar“. Rannsóknir benda til þess að skjólstæðingsmiðuð nálgun hafi jákvæð áhrif á iðjuþjálfunarferlið og stuðli að betri árangri. Frá níunda áratug síðustu aldar hafa iðjuþjálfar á Reykjalundi unnið markvisst að því að gera þjónustu sína skjólstæðingsmiðaða. Skjólstæðingsmiðuð nálgun felur í sér nokkra lykilþætti: Að skilja og bera virðingu fyrir sjónarmiðum, gildum og þörfum skjólstæðingsins, að upplýsa hann og hvetja til að taka ákvarðanir og taka virkan þátt í iðjuþjálfunarferlinu. Einnig þarf þjónustan að vera aðgengileg, hæfa þörfum hans og endurspegla daglega iðju og viðfangsefni. Ýmislegt getur komið í veg fyrir að þjónusta sé skjólstæðingsmiðuð. Hindranir má ýmist rekja til iðjuþjálfans, skjólstæðingsins, tengsla skjólstæðings og iðjuþjálfna eða til umhverfis og aðstæðna þar sem iðjuþjálfunin fer fram.

Aðferð:

Á vormánuðum 2008 var gerð þjónustukönnun meðal skjólstæðinga iðjuþjálfna á Reykjalundi sem bar yfirskriftina: Þjónusta iðjuþjálfna, viðhorf og reynsla skjólstæðinga og voru niðurstöður úr henni kynntar á Vísindadegi Reykjalundar sama ár. Þjónustukönnunin fór fram á tímabilinu 1.3.-30.6.2008 og var upplýsinga aflað með spurningalista. Leyfis var aflað hjá Vísindasiðanefnd. Þátttakendur fengu kynningarbréf og spurningalista 7 dögum fyrir áætlaðan útskriftardag. Með því að svara listanum og setja í þar til gerðan svarkassa var litið svo á að svarendur hefðu gefið samþykki sitt fyrir þátttöku. Tölfræðiforritið Statistical Package for the Social Sciences (SPSS) var notað við úrvinnslu gagna. Vorið 2009 var skoðað nánar hvort og hversu skjólstæðingsmiðuð iðjuþjálfun á Reykjalundi er. Hér verða þær niðurstöður settar í samhengi við lykilþætti skjólstæðingsmiðaðrar þjónustu.

Niðurstöður:

Mikill meirihluti skjólstæðinga var ánægður með þjónustuna og margir þeirra lykilorða sem einkenna skjólstæðingsmiðaða nálgun voru í hávegum hafðir. En betur má ef duga skal, því fram kom að 16% skjólstæðinga óskuðu eftir annarri þjónustu en þeim var veitt. Einnig kom fram að stór hluti þeirra skjólstæðinga sem ekki voru sett markmið með, óskuðu eftir að svo hefði verið. Jafnframt má gera betur í upplýsingagjöf til skjólstæðinga.

Umræður:

Síðan að ákvörðun var tekin um að veita skjólstæðingsmiðaða þjónustu í iðjuþjálfun á Reykjalundi hefur verið unnið markvisst að því að þróa þjónustuna í þá átt. Mikilvægt er að skoða þá þjónustu sem veitt er með gagnrýnum huga ekki síst í ljósi fyrirhugaðra breytinga í starfssemi Reykjalundar. Niðurstöður þessarar könnunar eru aðeins ein aðferð til þess og þegar þær eru skoðaðar í samhengi við það sem fram kemur í innlendum og erlendum rannsóknum er ljóst að iðjuþjálfar á Reykjalundi geta bætt þjónustu sína hvað skjólstæðingsmiðaða nálgun varðar, þó margt sé í mjög góðu horfi. Frekari rannsókna er þörf á þessum þætti þjónustunnar og væri athyglisvert að skoða skjólstæðingsmiðaða nálgun frá eigindlegum sjónarhóli til þess að fá enn betur fram sjónarmið skjólstæðinganna.